

Minnisblað vegna fundar með heilbrigðis- og trygginganefnd
Alþingis miðvikudaginn 9. nóvember 2005

Áhersluatriði Tryggingastofnunar ríkisins

Rekstrarlegir þættir:

Almenn styrking á rekstrargrunni

Á undanförunum árum hefur TR verið gert að taka að sér fjölmörg ný verkefni. Það er mat stofnunarinnar að þessum verkefnum hafa iðulega fylgt of lítið fjármagn m.v. umfang auk þess sem fjölþættari rekstur flækir stjórnun og samþættingu í rekstri. Samhliða þessu hefur viðskiptavinum stofnunarinnar fjölgað s.s. örykjum án þess að sérstakar viðbótarfjárveitingar hafi komið til. Tilkoma úrskurðarnefndar almannatrygginga hefur bætt stjórnsýsluna en jafnframt krafist aukins vinnuframlags frá TR. Allt þetta hefur smátt og smátt þrengt mikið að starfsemi stofnunarinnar og m.a. byggt upp viðvarandi hallarekstur og óhagkvæm höft á starfseminni.

Nýting upplýsingakerfa

Styrkja þarf möguleika TR til hagnýtingar á þeim miklu upplýsingum sem til staðar eru hjá stofnuninni. Þetta þarf að gera með því að veita auknu fjármagni til uppbyggingar, viðhalds, samþættingar og úrvinnslu gagna frá upplýsingakerfum stofnunarinnar. Miklu fjármagni hefur á undanförunum árum verið varið til uppbyggingar á tölvukerfum stofnunarinnar og er það vel. Nú er hins vegar svo komið að skortur á eðlilegu viðhaldi er farinn að hafa áhrif á virkni þeirra og rekstur TR.

Rafræn samskipti og aukin þjónusta

Miklir möguleikar eru á því að auðvelda viðskiptavinum TR samskiptin við stofnunina og tækifæri eru á því að tengja saman ýmsa aðila innan heilbrigðiskerfisins til hagsbóta fyrir almenning. Má hér m.a. nefna sjálfvirka útgáfu afsláttarskírteina, tengingu við Sögu kerfi lækna, heildbrigðisstofnanir og samvinnu við skattyfirvöld um rafræn skilríki og margt fleira.

Svigrúm til endurskipulagningar

TR leggur áherslu á það að stofnuninni verði skapað svigrúm til endurskipulagningar. Skapa þarf stofnuninni möguleika til að taka við lykilverkefnum í rekstri fjárhags- og upplýsingakerfa sem aðkeyptir verktakar sinna nú að miklu leyti.

Faglegir þættir:

Greining almannatryggingakerfis

Lagðir hafa verið fjármunir í að auka möguleika TR á að greina almannatryggingakerfið og er það gott. Hins vegar er fullt tilefni til þess að leggja enn meira til þessa og ljóst að ávinningur þess getur orðið verulegur.

Lífeyristryggingar

Fullt tilefni er til þessa að huga að skýrari stefnumörkun í málefnum lífeyristrygginga. Skilgreina þarf betur markmið kerfisins og að auka gegnsæi þess t.d. með fækkun bótaflokka. Einnig mætti huga að einföldun tekjutenginga og innleiðingu frítekjumarka þar sem þeirra nýtur ekki við. Endurskoða þarf sérstaklega lagaumhverfi uppgjörs í lífeyristryggingum, einkum hvað varðar innheimtur krafna vegna ofgreiddra bóta.

